



Stjórnarfundur Sambands íslenskra myndlistarmanna 6. febrúar 2023 kl. 17:00

Fundurinn var fjarfundur á Zoom.

Mættir : Hlynur Helgason, Freyja Eilíf, Thora Karlsdóttir, Pétur Thomsen, Anna Eyjólfsdóttir og Elísabet Stefánsdóttir. Fundarritari: Pétur Thomsen

1. Samþykkja notkun á samkeppnisreglum SÍM fyrir Landspítalann

Stjórn samþykkir að heimila Landspítalanum að nota samkeppnisreglur Sím vegna nýbyggingar spítalans. Ingibjörg Gunnlaugsdóttir verður trúnaðarmaður Sím í þessu verkefni.

2. Aðalfundur SÍM í maí (hverjir gefa kost á sér áfram)

Kosið verður um tvö sæti aðalmanna í stjórn á næsta aðalfundi. Sæti Péturs Thomsen og Hildar Elísu Jónsdóttur. Pétur gefur kost á sér áfram. Heyra þarf frá Hildi hvort hún gefi kost á sér.

3. Aðalfundur BÍL 25. febrúar

Fulltrúar Sím á aðalfundi BÍL verða Thora, Pétur og Elísabet. Tveir aðrir fulltrúar verða tilnefndir. Sím hefur rétt á 5 fulltrúum á aðalfundi með atkvæðisrétt.

4. Muggur

Premur einstaklingum af listanum sem Sím hefur yfir fólk sem gefið hefur kost á sér til nefndarstarfa verður boðið að sitja í úthlutunarnefnd Muggs. Gæta skal að því að sá hópur verði sem fjölbreyttastur.

5. Önnur mál

5.1. Árshátíð Myndlistamanna

Skemmtinefnd vinnur að undirbúningi Árshátíðar Myndlistamanna á Hlöðuloftinu. Unnið er að því að fá kaffihúsa- og vínveitingaleyfi fyrir Hlöðuloftið. Stefnt er að því að geta selt áfengi og veitingar á Árshátíðinni. Í skemmtinefnd eru Elísabet, Freyja og Thora.

5.2. Yfirvofandi húsnæðisskortur fyrir vinnustofur

Unnið er því að fá fund með Fjármálaráðherra og Menningarmálaráðherra vegna húsnæðis fyrir vinnustofur. Með það að markmiði að halda Seljavegi lengur en til áramóta 2023/24 og lausnar á húsnæðisskortri fyrir vinnustofur til lengri tíma.

5.3. Myndlistarstefna og ný lög um listamannalaun

Menningarmálaráðherra vinnur að því að koma myndlistarstefnu til umræðu í þinginu og þar í framhaldinu nýjum lögum um listamannalaun.

5.4. Starfsmannamál

Hlynur sinnir áfram um sinn störfum á skrifstofu Sím. Auglýst verður í lok febrúar eftir starfsmanni með það að markmiði að hann hefji störf í apríl.

Næsti fundur verður haldinn 6. Mars klukkan 17:00

Fundi slitið klukkan 17:40